

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu sæti betrunarhússvinnu, Árni Friðrik Jónsson í 8 mánuði og Kristjana Guðmundsdóttir í 3 ár. Þau greiði allan kostnað af málinu og áfryjun þess, þar með talin varnarlaun til talsmanns þeirra í héraði Sigurðar Jónssonar kennara 5 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanna 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. okt.

Nr. 59/1913

L'Azote organique
J. P. Brillouin & Co.
gegn
Sigurði Lýðssyni.

D ó m u r :

Sigurður Lýðsson yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu gegn Gunnari Egilsson fyrir hönd firmans J. P. Brillouin & Co. til greiðslu á skuldakröfu að upphæð kr. 743,60, er hann hafði fengið sér framselda 3. júní f. á. til eignar og umráða frá Lyder Höyðal í Vestmannaeyjum, svo og til greiðslu vaxta og málskostnaðar. Með dómi uppkveðn-

um 1. des. f. á, tók rétturinn allar kröfur sækjanda til greina, þannig, að vextir af kröfunni voru ákveðnir 6% á ári frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaður 30 kr.

Þessum dómi hefir nefnt firma, sem í áfrýjunarstefnunni og málsfærslunni við yfirdóminn er nefnt L'Azote organique J. P. Brillouin & Co., skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. des. f. á., og krafist þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði dæmd ómerk og málinu vísað heim, en til vara, að það verði sýknað af kröfum stefnda, Sigurðar Lýðssonar, en í frumsókninni er þess krafist til vara, að firmað verði aðeins dæmt til að greiða stefnda 200 kr., og hvor krafan sem verði tekin til greina, krefst áfrýjandi að fá sér dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Stefndi hefir krafist staðfestingar á gestaréttardóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að héraðsdómarinn hafi eigi leiðbeint umboðsmanni hans, sem er ólöglesinn maður, samkvæmt fyrirætlum 10. gr. í tilsk. 15. ágúst 1832, og hafi málfutningi af hendi umboðsmannsins því verið mjög ábótavant. Það sést eigi að téður umboðsmaður hafi óskað leiðbeininga dómarans og málfutningur hans virðist ekki heldur hafa gefið dómaranum tilefni til þess að leiðbeina umboðsmanninum ex officio, þar sem hann lagði fram skriflega vörn í málinu á venjulegan hátt, vottorð manna og leiddi vitni, alt án kröfu um nokkrar leiðbeiningar af hendi dómarans, og án þess að nokkuð það kæmi fram, er gæti gefið dómaranum ástæðu til þess að ætla að umboðsmaðurinn væri eigi fullfær um að fara með málið aðstoðarlaust. Heimvísunarkrafa áfrýjanda verður því eigi

tekin til greina. Og ber því að leggja dóm á málið að efni til.

Fyrgreindur Lyder Höydal var með samningi dags. 31. des. 1912 ráðinn í þjónustu firmans J. P. Brillouin & Co til að standa fyrir þorskalýsisbræðslu í Vestmannaeyjum og víðar og þaðan er hin framselda krafa runnin og af öðrum viðskiftum hans við firmað. Samkvæmt reikningi Höydals er skuldakrafan sundurliðuð sem hér segir:

1. Kaup Höydals í maímánuði f. á . . .	Kr. 150.00
2. Eftirstöðvar af premíu af 282 lýsis-	
tunnum á 1 kr.	— 132.00
3. 54 nýjar lifrarkörfur	— 189.00
4. Fyrir járnbrautarteina með vagni . .	— 200.00
5. 242 kg. af jární á 0/30	— 72.60
	<hr/>
	kr. 743.60

4 fyrstu liði þessa reiknings vefengir áfrýjandi, eða telur sér óskýlt að borga.

Samkvæmt áðurnefndum samningi, dags. 31. des. 1912, átti Höydal að hafa í kaup 150 kr. á mánuði meðan hann væri í þjónustu áfrýjanda, og átti Höydal að verja öllum tíma sfnum í þarfir áfrýjanda, en mátti þó setja mann í stað sinn við og við, er forstjóri atvinnunnar tæki gildan. Höydal byrjaði á vinnunni og var í þjónustu áfrýjanda þar til 19. maí 1913, er áfrýjandi sagði honum upp fyrirvaralaust, og án þess að hann hefði fengið goldið kaup fyrir maímánuð 1913. Áfrýjandi telur sér allskostar óskýlt að greiða kaupkröfu þessa, 150 kr. er í 1. lið reikningsins getur. Ber hann það fyrir sig, að Höydal hafi vanefnt vinnusamninginn, með því að hann hafi alls ekkert unnið í þarfir áfrýjanda í maímán-

auði, og hafi hann því orðið að vísa Höydal brott 19. mai, enda hafi það verið fullkomlega lögmætt. Stefndi neitar því eindregið, að Höydal hafi á nokkurn hátt vanefnt samningsskyldur sínar, heldur hafi hann þvert á móti haft stöðugt eftirlit með vinnunni, alt þar til þess, að honum var sagt upp, og hafi hann ekkert af sér brotið í þessu efni. Og þá sjaldan Höydal hafi eigi sjálfur verið við vinnuna, hafi hann með samþykki forstjóra fyrirtækisins sett annan mann í stað sinn. Áfryjandi kveður þetta aðeins hafa átt sér stað í aprilmánuði, en síðar hafi Höydal hvorki unnið verk þau, er honum bar að leysa af hendi fyrir áfryjanda, sjálfur né heldur falið þau neinum öðrum. Eitt vitni, sem var við vinnuna frá því um miðjan apríl og þar til Höydal var sagt upp, hefir borið það fyrir rétti og staðfest það með eiði, að þann tíma hafi Höydal ekki komið á vinnustaðinn svo að vitnið yrði hans vart, nema tvisvar, en farið aftur bæði skiftin að vörmu spori. Gegn mótmælum stefnda er þó eigi með þessu fengin lögfull sönnun fyrir vanefndum Höydals á tédum vinnusamningi. Það er viðurkennt, að Höydal hafi verið byrjaður á vinnu sinni í þarfir áfryjanda, og virðist honum því bera að sanna það, að Höydal hafi síðar hætt að leysa starfann af hendi á þann hátt, er honum bar skylda til. En með því að slík sönnun er eigi framkomin í málinu, virðist áfryjandi verða að greiða umrædda kaupkröfu, 150 krónur, eins og í gestaréttardómnum segir.

Eftir samningum átti Höydal ennfremur að fá 1 kr. premíu af hverri lýsistunnu, og hafði hann í því skyni fengið greiddar 150 kr., þegar reikningurinn var gerður, en hann taldi sér ennfremur bera premíu af 132 tönnum lýsis. Því er eigi neitað af áfryjanda, að þetta tunnugal

sé rétt tilgreint, en hann heldur því fram, að Höydal beri eigi meiri premía en hann þegar hefir fengið, sökum þess, að mikið af lýsinu hafi verið svo óvandað og illa verkað, að firmað hafi við það beðið verulegt tjón, en Höydal hafi borið ábyrgð á lýsisbræðslunni og eigi því sök á þessu tjóni. Það er þó eigi nægilega sannað gegn neitun stefnda, að lýsið hafi verið illa brætt, svo að tjón hafi af því orðið, eða Höydal verði um kent, þó að svo hefði verið.

Áfrýjandi verður því að greiða stefnda þær kr. 132, sem taldar eru í öðrum lið reikningsins.

Þá telur áfrýjandi sér óskylt að greiða 189 kr. fyrir 54 nýjar lifrarkörfur, sem taldar eru í 3. lið reikningsins, með því að þessar körfur hafi hann keypt af Höydal ásamt bræðsluhúsi og fleiri bræðsluáhöldum með sérstökum kaupsamningi, sem ekki komi við þetta mál. En eftir því, sem upplýst er um efni téðs samnings, þá er hann eigi þannig orðaður, að þessar lifrarkörfur verði taldar með þeim áhöldum, er seld voru með samningnum, og verða þær því að teljast honum óviðkomandi. Með því að ómótmælt er, að körfur þessar hafi verið notaðar í þarfir firmans með vitund ráðsmannsins og enginn ágreiningur er um verð þeirra, verður áfrýjandi einnig að greiða stefnda andvirði þeirra kr. 189.00.

4. lið reikningsins, kr. 200.00 fyrir járnbrautarteina með vagni hefir áfrýjandi viðurkennt réttan, en þó eigi álitíð sér skylt að greiða þessa upphæð, og borið því við, að hann hafi síðan um nýjár 1913 greitt Höydal yfir 2000 kr., án þess að hafa fengið valuta fyrir, og meðan svo sé, telji hann sér eigi skylt að greiða meira. En með því að áfrýjandi hefir enga ítarlegri grein gert fyrir

Þessari síðarnefndu upphæð, og ekki haldið því fram, að neitt af henni hafi átt að ganga til lúkningar á hér umræddum kröfulið, verður téð varnarástæða, sem stefndi hefir mótmælt, eigi metin að neinu, og kemst áfrýjandi eigi hjá að greiða þennan reikningslið.

Síðasta reikningsliðinn, kr. 72.60 má telja viðurkendan af áfrýjanda, með því að stefndi hefir gert grein fyrir honum, er áfrýjandi hefir eigi vefengt.

Verða því úrslit málsins samkvæmt framansögðu, að áfrýjanda ber að greiða stefnda umkrafa upphæð krónur 743.60 með vöxtum eins og segir í gestaréttardómnum. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um málskostnað, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttadómur á að vera óraskaður. Afryjandi, L'Azote orangique J. O. Brillouin & Co, greiði stefnda Sigurði Lýðssyni 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.